

verzlunarmann eða yfirleitt það sem nefnt verður vörusala þar eða bókfærslu samkv. lögum um verzlunarþækur, verður að líta svo á, að hreppsnefnd Grimseyjarhrepps hafi brostið heimild til þess, að jafna árið 1929 niður útsvari á requisitus, kaupm. Bjarna Benediktsson í Grimsey, kr. 297,00, samkv. 8. gr. a. framangreindra laga um útsvör og því verði, þar sem útsvarið ekki er réttilega álagt, að synja um hið umbeðna lögtak.

Föstudaginn 8. jan. 1932.

Nr. 53/1931. **Ríkey Lilja Guðmundsdóttir**
(Guðm. Ólafsson).
gegn
Gunnarí Kristinssyni (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur einkalögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 1. apríl 1931: Vinni stúlkan Ríkey Lilja Guðmundsdóttir, fyrr til heimilis á Fálkagötu 20 í Reykjavík, eið að því á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning, að tilgreindur barnsfaðir, kærður þessa máls, Gunnar Kristinsson, verkamaður á Korpúlfsstöðum í Mosfellshreppi, sé eða geti verið faðir að barni því, er kærandi ól 3. septbr. 1930, og enginn annar, ber að telja hann föður að því, og hann skyldan til þess að greiða meðlag með barni þessu samkvæmt yfirvaldsúrskurði, svo og barnsfararkostnað, og greiði þá kærður allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, eins og það eigi væri gjafsóknarmál. — Eiðsfrestur telst mánuður frá lögbirtingu dóms þessa, svo er og um fullnæging dómsins að öðru leyti.

Treystist kærandi eigi til að vinna eið þennan, skal kærður vera sýkn af kærnum hennar og kröfum í máli þessu.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað með stefnu, dags. 27. maí þ. á., og var þingfest í hæstarétti 30. sept.

s. á. Var þá mætt af hálfu beggja aðilja og málinu þá frestað til nóvembermánaðar. En er málið þá skyldi flutt mætti enginn af hálfu stefnda og hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandinn, Rikey Lilja Guðmundsdóttir, er fengið hefir gjafsókn fyrir hæstarétti og skipaðan málflutningsmann, hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur faðir að meybarninu Guðmunda Maren, er hún ól 3. sept. 1930, og að hann verði skyldaður til að greiða meðlag með því og barns-fararkostnað samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Einnig hefir hún krafizt málskostnaðar bæði fyrir undirrétti og hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Í prófum málsins fyrir lögregluréttinum er það upplýst, að áfrýjandi var samvistum við stefnda á Korpólfsstöðum í Mosfellssveit veturinn 1929—30, og hefir áfrýjandi borið það fyrir lögregluréttinum, að hún hafi trúlofast stefnda þar fyrir eða um miðjan nóvembermánuð þá um veturinn og upp frá því hafi hún farið að hafa holdlegt samræði við hann og haldið því áfram öðru hvoru þar til hún flutti til Reykjavíkur.

Stefndi hefir af sinni hálfu í prófum málsins viðurkennt, að hann hafi trúlofast áfrýjanda meðan þau dvöldu á Korpólfsstöðum og haft samfarir við hana, en minnir, að tilhugalíf þeirra hafi ekki byrjað fyr en 8. dez. 1929 og að holdlegar samfarir þeirra á milli hafi ekki átt sér stað fyrr en 15. s. m. og svo öðru hvoru úr því, þar til áfrýjandi flutti til Reykjavíkur. Hefir hann að visu ekki synjað fyrir faðerni barnsins, en hann hefir krafizt þess,

að blóðrannsókn verði látin skera úr því, hvort hann geti verið faðir þess, en héraðsdómarinn hefir eigi sinnt þessari kröfu.

Áfrýjandi hefir borið það fyrir lögregluréttinum og eigi hvikað frá því, að hún á getnaðartíma barnsins hafi eigi haft samfarir við neinn annan karlmann en stefnda og eru eigi framkomnar neinar líkur fyrir því gagnstæða, eða neitt það, er hnekki þessum framburði hennar. Að þessu athuguðu og öðru því, sem upplýst er í málinu, verður eigi litið svo á, að héraðsdómaranum hafi verið skylt að verða við kröfu stefnda um blóðrannsóknina. Og þar sem nú stefndi svo sem áður segir hefir viðurkennt, að hann hafi öðru hvoru haft samfarir við áfrýjanda um það leyti sem barnið er getið, og hann hefir auk þess í bréfi til áfrýjanda, dags. 16. júní 1930, ótvírætt viðurkennt faðerni barnsins, er þá var ófætt, og lofað að annast það, þá verður samkvæmt 14. gr. í lögum nr. 46, 27. júní 1921 að dæma hann föður þess, og eftir kröfu áfrýjanda að skylda hann til þess að greiða að sínum hluta barnsfararkostnað og meðlag með barninu, samkv. yfirvaldsúrskurði.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða allan kostnað málsins í undirrétti og hæstarétti, eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málf lutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, er ákveðast 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gunnar Kristinsson, skal teljast faðir meybarnsins Guðmunda Maren, er áfrýjandinn, Ríkey Lilja Guðmundsdóttir, ól 3. sept.

1930 og vera skyldur til að greiða að sínum hluta barnsfararkostnað og meðlag með barninu eftir yfirvaldsúrskurði.

Svo greiði og stefndi allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti eins og málið hefði eigi verið gjafsóknarmál, þar með talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, málflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, 80 kr.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt vottorði hlutaðeigandi ljósmóður, dags. 30. nóvbr. f. á., ól kærandi þessa máls meybarn 3. septbr. 1930, og var hún þá til heimilis á Fálkagötu nr. 20 í Reykjavík, og fyrir lögreglurétti Reykjavíkur 2. dezbr. f. á. hefir hún lýst föður að barni þessu, Gunnar Kristinsson, verkamann á Korpúlfsstöðum, er hún kveðst hafa trúlofast fyrir eða um miðjan nóvember 1929, og þau upp frá því farið að hafa holdlegt samræði saman, og barnið getið við samræði þeirra á milli, er farið hafi fram í herbergi kærandi eða herbergi kærðs, þar á Korpúlfsstöðum, án þess þó að geta tilgreint nokkurn ákveðinn tíma, hvernær barnið hafi komið undir, en þar sem hún eigi hafi haft holdlegar samfarir við nokkurn annan mann en kærðan, sé engum öðrum að dreifa um faðernið nema honum.

Kærður hefir að visu eigi neitað að vera faðir að barni þessu, en dregið það í efa að svo væri, og hann segir, að tilhugalíf þeirra kærandi og hans eigi hafi byrjað fyrr en 8. dezember 1929, og að hann eigi fyrr en 15. s. m. hafi haft holdlegar samfarir við kærandi, og barnsmóðirin segir hann, að farið hafi frá Korpúlfsstöðum 10. febr. f. á., en ekki í marzínauði, eins og hún hafi skýrt frá. — Gefur kærður það í skyn, að hann hafi hugboð um það, að annar maður, sem hann þó ekki hefir tilgreint, en hann, hafi

haft holdleg mök við barnsmóður, bæði fyrir og eftir þann tíma, er fyrr greinir, og vegna þessa, og af því að skýrsla barnsmóður um fyrstu kynni þeirra og samfarir eigi beri heim hver við aðra, hefir kærður krafizt þess að blóðrannsókn læknis skeri úr því, hvort hann geti verið faðir barns þessa eða eigi. — Með hliðsjón af framlögðu bréfi lögmanns Reykjavíkur, um vandkvæði á framkvæmd blóðrannsóknar yfirhöfuð, dags. 20. f. m., sem og eigi er gert ráð fyrir sem sönnunargagni að lögum, og enginn maður sérstaklega er til þess löggiltur, og loks að slík rannsókn er svo kostnaðarsöm, að aðiljum er um megn í flestum tilfellum að greiða þann kostnað, þykir eigi rétt vera, og heldur eigi eftir atvikum nauðsynlegt, að fara eftir árangri rannsóknar þessarar, enda hún sem stendur óframkvæmanleg hér á landi, og loks barnsmóðir henni mótfallin vegna heilsufars barnsins, að hennar álitu. — Þar á móti þykir rétt vera, eftir því er að framan greinir, að láta úrslit málsins, með hliðsjón af ákvæðum 15. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, vera undir því komin, hvort kærandi máls þessa staðfesti þann framburð sinn með eiði, að kærður og enginn annar sé eða geti verið faðir að umgetnu barni, eða eigi.

Mánudaginn 11. jan. 1932.

Nr. 54/1931. **Hreppsnefnd Andakílshrepps**

(Pétur Magnússon).

gegn

landlækni Íslands (Jón Ásbjörnsson).

Um starfsvæði minningarsjóðs, samkv. ákvæðum arfleiðsluskrár stofnandans.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. dezbr. 1930: Stefnður, Guðmundur Björnson landlæknir, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Péturs Magnússonar hrm., f. h. hreppsnefndar Andakílshrepps í máli þessu.

Málkostnaður falli niður.